



Forsætisráðherra
Jóhanna Sigurðardóttir
Forsætisráðuneytið

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. febrúar 2010

Efni: Málefni stöðugleikasáttmálans

Samtök atvinnulífsins lýsa miklum áhyggjum vegna framgangs stöðugleikasáttmálans frá 25. júní 2009. Samtökin telja að gerð hans hafi verið mikið heillaspor, grunnur að friði á vinnumarkaði og skapað farveg fyrir samskipti og samvinnu aðila vinnu-
markaðarins og stjórnvalda um sameiginleg markmið. Samtök atvinnulífsins hafa unnið með stjórnvöldum á grundvelli sáttmálans og ekki skorast undan ábyrgð þegar taka hefur þurft á óþægilegum og umdeildum málum og uppskorið fyrir vikið mikla gagnrýni úr eigin röðum.

Í viðræðum milli Samtaka atvinnulífsins og ríkisstjórnarinnar vegna framlengingar kjarasamninga í lok október 2009 og svo aftur fyrir sl. áramót lýstu fulltrúar SA yfir eindreginni andstöðu við tvö mál sem snúa að stöðugleikasáttmálanum og því samstarfi sem á honum byggist. Annars vegar er frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, svokallað skötuselsmál. Hins vegar eru viðamiklar breytingar á skattamálum fyrirtækja án samráðs, þ.m.t. sú breyting á ákvæðum laga um tekjuskatt að taka til baka skattfrelsi á arðgreiðslum og söluhagnaði milli fyrirtækja. Þá valda vanefndir ríkisstjórnarinnar á ákvæði stöðugleikasáttmálans um framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu mikilli gremju í atvinnulífinu.

Í viðræðum við ríkisstjórnina fyrir sl. áramót var niðurstaðan sú að skattamálin gætu komið til umfjöllunar í sérstakri skattanefnd sem fjármálaráðherra áformaði að skipa en ákvæðið um arð og söluhagnað tekur gildi í ársbyrjun 2011.

Skötuselsmálið hefur hins vegar verið keyrt áfram í þinginu og bíður nú loka-
afgreiðslu eftir að hafa farið aftur til nefndar eftir 2. umræðu. Þetta mál hefur ekki farið í þann sáttafarveg í nefnd um endurskoðun á stjórn fiskveiða eins og um var talað heldur hafa sjávarútvegsráðherra og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi verið ósveigjanlegir í meðferð málsins.




Með bréfi þessu vilja Samtök atvinnulífsins lýsa fullri andstöðu sinni við skötuselsfrumvarpið og við þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í því máli. Mikið hefur verið fjallað um málið innan SA og er lítið á það sem prófstein á heilindi ríkisstjórnarinnar gagnvart stöðugleikasáttmálanum og framkvæmd hans.

Verði skötuselsmálið afgreitt í andstöðu við Samtök atvinnulífsins mun framkvæmdastjórn þeirra líta á það sem yfirlýsingu og aðgerð af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans um að vinna ekki í samræmi við stöðugleikasáttmálann og þar með að hafa hann að engu, að því er samstarf við Samtök atvinnulífsins varðar.

Verði skötuselsfrumvarpið samþykkt mun framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins leita eftir staðfestingu stjórnar SA á því að þau telji sig þar með óbundin með öllu af ákvæðum stöðugleikasáttmálans enda hafi honum þá verið slitið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Samtök atvinnulífsins telja að upplausn stöðugleikasáttmálans sé mjög óæskileg því að samstaða stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins hefur mikla þýðingu fyrir atvinnusköpun, lífskjör og velferð en ekki verður unað við að gengið verði fram með þeim hætti sem blasir við og rakið er hér að framan.

Virðingarfyllst.



Vilmundur Jósefsson, formaður SA

